

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (níkótínvörur), 450. mál.**

Rafrettuhópur Félags atvinnurekenda (hér eftir „hópurinn“) vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar um ofangreint mál, dags. 23. mars sl. Hópurinn samanstendur af fyrirtækjum sem standa að innflutningi, heildsölu, dreifingu og reka verslanir og netverslanir þar sem rafrettur, áfyllingar fyrir rafrettur og e.a. níkótínvörur eru seldar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé að setja skýrar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á níkótínvörum og fella þær undir sömu reglur og gilda samkvæmt lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Vörurnar verði einnig felldar undir ákvæði laganna um eftirlit með innflutningi, dreifingu og sölu til þess að tryggja viðhlítandi öryggi varanna á markaði.

Hópurinn styður að lögfesta eigi regluverk um innflutning, markaðssetningu og notkun níkótínvara en hefur þó nokkrar athugasemdir.

8. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/2018 bætist við málsliður þess efnis að ráðherra skuli í reglugerð kveða á um leyfilegan hámarksstyrkleika níkótíns í níkótínvöru. Við ákvörðun um hámarksstyrkleika skuli líta til þess að upptaka níkótíns úr vöru sé ekki meiri en fæst af leyfilegum hámarksstyrkleika í rafrettuvökva.

Hópurinn er hlynntur því að hámark sé sett á leyfilegt níkótínmagn í níkótínvörum en gagnrýnir að ráðherra sé falið vald til að kveða á um það í reglugerð. Ákvörðun um hámark leyfilegs styrkleika níkótíns í níkótínvörum getur haft mikil áhrif á markaðssetningu níkótínvara og því ætti jafn mikilvæg ákvörðun að fara í gegnum lögjafann. Þá vill hópurinn benda á að erfitt getur reynst að bera saman upptöku níkótíns úr rafrettum og níkótínvörum þar sem notendavenjur eru ólíkar. Hópurinn mælir með að hámark níkótínmagns níkótínvara verði skilgreint eftir neyslueiningum fyrir níkótínvörur og að litið verði til níkótínmagns neftóbaks. Neftóbak inniheldur mikið af krabbameinsvaldandi efnum og hafa níkótínþúðar virkað vel sem skaðaminni valkostur fyrir neytendur.

9. gr.

Í frumvarpinu er lagt til bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á níkótínvörum og rafrettum sem innihalda bragðefni sem höfða til barna, svo sem nammi- og ávaxtabragð. Er þannig lagt til að 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/2018 verði svohljóðandi: „Óheimilt er að flytja inn, framleiða og selja níkótínvörur og rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda bragðefni sem kunna að höfða til barna, svo sem nammi- og ávaxtabragð.“

Eru þær takmarkanir sem lagðar eru til sagðar eiga að draga úr neyslu barna og ungmenna á nikótínvörum og rafrettum en bragðefni séu talin gegna lykilhlutverki í vinsældum þessara vara, sérstaklega meðal þessa hóps. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nikótín sé gríðarlega ávanabindandi og skaðlegt efni. Gagnrýnisvert sé að á markaði séu í boði vörur sem innihalda svo ávanabindandi efni en jafnframt efni sem höfða til barna, svo sem nammi- og ávaxtabragð. Rannsóknir sýni að bragðefni, sérstaklega nammi- og ávaxtabragð, spili stóran þátt í því hversu vinsælar rafrettur eru meðal barna og ungmenna og rök falli til þess að telja að hið sama eigi við um vinsældir nikótínþúða hjá ungmennum. Á sama tíma og daglegar eða reglubundnar reykingar ungmenna hafi dregist saman hafi neysla ungmenna á rafrettum og nikótínþúðum farið vaxandi vegna innreiðar nýrra ávanabindandi nikótínvara inn á markað. Bragðefni spili stórt hlutverk í notkun ungmenna á rafrettum og nikótínþúðum. Bragðefni, sérstaklega nammi- og ávaxtabragð, séu einnig talin leiða til þess að notandi líti á vöruna sem hættuminni. Jafnframt séu vísbendingar um að ungmenni sem reyki rafrettur færi sig síðar yfir í tóbaksreykingar. Því er talið að lýðheilsusjónarmið krefjist þess að gripið sé til aðgerða til að sporna við framangreindri notkun ungmenna á rafrettum og nikótínþúðum og því er talið nauðsynlegt að banna innflutning, framleiðslu og sölu á nikótínvörum og rafrettum og áfyllingum fyrir þær til að ná framangreindu markmiði. Ekki er talið að gengið sé of langt með framangreindum takmörkunum því eingöngu er verið að takmarka bragðefni en ekki er verið að banna innflutning, framleiðslu eða sölu á nikótínvörum og rafrettum. Þær vörur standa því enn til boða fyrir þá einstaklinga sem telja þörf á að styðjast við þær til að hætta tóbaksreykingum.

Hópurinn telur jákvætt að frumvarpið feli ekki lengur í sér að ráðherra útfæri hvaða bragðefni séu bönnuð líkt og áformað var og bann við ákveðnum bragðefnum fái umfjöllun hjá þinginu enda felur það í sér verulega takmörkun á atvinnufrelsi fyrirtækja og frelsi einstaklinga. Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar má ekki setja atvinnufrelsinu skorður nema almannahagsmunir krefjist þess. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar skulu stjórnvöld ekki ganga lengra en nauðsyn ber til í því skyni að tryggja markmið þeirra.

Hópurinn telur almannahagsmuni ekki krefjast þess að ávaxta- og nammibragðefni sé bannað m.t.t. meðalhófsreglu stjórnskipunarréttarins. Nammibragð og ávaxtabragð er vinsælt meðal fullorðinna rétt eins og nammibragð og ávaxtabragð af áfengjum drykkjum er vinsælt meðal fullorðinna án þess að almannahagsmunir séu taldir standa til þess að takmarka þau bragðefni í áfengum drykkjum. Þá er jalapeno-bragð t.d. mjög vinsælt, án þess að slíkt bragð höfði sérstaklega til barna, en jalapeno er ávöxtur.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins mun 7. gr. laga nr. 87/2018 einnig taka til nikótínvara en samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að selja og afhenda börnum rafrettur og áfyllingar. Leiki vafi á um aldur kaupenda rafrettna eða áfyllinga geti sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára. Frumvarpið felur því í sér að óheimilt verður að selja og afhenda börnum nikótínvörur. Í 6. gr. frumvarpsins er enn fremur kveðið á um að tryggja skuli að nikótínvörur séu ekki geymdar þar sem börn ná til. Vörurnar standa börnum einfaldlega ekki til boða og er þá tilgangslaust að setja sérstakar reglur um að þær skuli ekki höfða til þeirra.

Hópurinn telur ákvæðin um aldursmörk, aðgengi og geymslu nikótínvara tryggja þau markmið sem að er stefnt án þess að ganga lengra en nauðsyn ber til. Til lagt bann við nammi- og ávaxtabragði er hins vegar skýrt brot gegn 75. gr. stjórnarskrárinnar.

#### 11. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 eru hvers konar auglýsingar á rafrettum og áfyllingum fyrir þær bannaðar. Með frumvarpinu er lagt til að ákvæðið taki einnig til nikótínvara.

Hópurinn telur eðlilegra að settar væru reglur um auglýsingar í stað þess að banna þær enda hefur auglýsingabann einungis áhrif á íslensk fyrirtæki en ekki erlend fyrirtæki sem auglýsa á samfélagsmiðlum.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 skal rafrettum og áfyllingum komið þannig fyrir á sölustöðum að varan sé ekki sýnileg viðskiptavinum. Sérverslunum með rafrettur og áfyllingar er þó heimilt að hafa vöruna sýnilega þegar inn í verslun er komið. Með frumvarpinu er lagt að málsgreinin nái einnig til nikótínvara.

Hópurinn leggur til að gerð verði breyting á 2 mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 þannig að „þegar inn í verslun er komið“ falli út. Lagaákvæðið hefur þær afleiðingar að verslanir þurfa að byrgja fyrir glugga hjá sér en sama skylda er ekki lögð á Vínbúðina sem rekin er af hinu opinbera þrátt fyrir að börnum sé óheimilt að versla þar.

Virðingarfyllt,  
f.h. rafrettuhóps FA



---

Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur